



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar

3. fundur 2012 (28. fundur)

EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 29.06.2012 kl. 09 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Steinþór Einarsson	skipulagsnefnd
Ásmundur Friðriksson	"
Birgir Haraldsson	"
Sigurður Thoroddsen	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sigurður H. Ólafsson	skipulags- og byggingarfulltrúi
Georg E. Friðriksson	Landhelgisgæslan
Jón B. Guðnason	Landhelgisgæslan

Guðlaugur H. Sigurjónsson boðaði forföll.

1. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar – leiðarljós

Lagt var fram og rætt leiðarljós og áherslur vegna vinnu við aðalskipulag Keflavíkurflugvallar sem lagt var fram á kynningarfundum 07.06.2012. Nefndarmenn voru sammála um nauðsyn náinnar samvinnu allra hagsmunaaðila við skipulagsvinnuna sem framundan er.

2. Umsögn um samþykkt byggingaráforma vegna mannvirkja á flugvallarsvæði Keflavíkurflugvallar, sbr. 6. mgr. gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð

Lagt var fram erindi skipulags- og byggingarfulltrúa, dags. 28.06.2012, varðandi byggingarleyfisumsóknir á Keflavíkurflugvelli sem skipulagsnefndinni ber að veita umsagnir um. Um er að ræða eftirfarandi umsóknir:

- Háaleitishlað 8, niðurrif gamals hótels
- Háaleitishlað 10, niðurrif gamals fangelsis
- Háaleitishlað 26a, niðurrif gamals flugskýlis

Skipulagsnefndin gerir ekki athugasemdir við byggingaráformin.

3. Skipulag lóðar Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar

Lagðir voru fram uppdættir, dags. í júní 2012, sem sýna breytingar á bílastæðum á lóð Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Málið var rætt.

Sigurður Thoroddsen lagði fram eftirfarandi bókun:

„Ég legg til að unninn verði hið fyrsta skipulagsuppdættur er sýnir lögformlega gilt deiliskipulag á Flugstöðvarsvæðinu.“



4. Deiliskipulagsbreyting á austurhluta skipulagssvæðis B – Fálkavöllur 1 og Fálkavöllur 2a

Skipulagsfulltrúi kynnti skipulagsuppdrátt, dags. í júní 2012, með eftirfarandi tillögum að breytingum á lóðunum Fálkavöllur 1 og Fálkavöllur 2a:

- a. Reitur fyrir eldsneytisafgreiðslu er staðsettur á lóðinni Fálkavöllur 2a. Eldsneytisafgreiðslan samanstendur af 2 áfyllingarplönum og dæluþeyjum ásamt neðanjarðargeymum fyrir allt að 80.000 l af eldsneyti svo og olúskiljum sem byggja skal innan byggingarreits. Ekki er gert ráð fyrir öðrum byggingum ofanjarðar en plönum og dælubúnaði.
- b. Legu núverandi öryggisgirðingar er breytt og hún sett í ný lóðarmörk þannig að eldsneytisafgreiðslan verður alfarið loftmegin (airside) á flugvellinum.
- c. Umferðarkvöð er sett á lóðina Fálkavöllur 2.
- d. Lóðin Fálkavöllur 1 er stækkuð, markaður byggingarreitur innan lóðar og sýnd tenging að flughlaði.

Um er að ræða minniháttar breytingu á deiliskipulagi þar sem umsóknaraðili, Isavia, er einnig lóðarhafi og heimilar skipulagsnefndin að fram fari grenndarkynning á skipulagsbreytingunni í samræmi við ákvæði skipulagsreglugerðar þar um.

5. Svæðisskipulag Suðurnesja

Formaður skipulagsnefndarinnar upplýsti um auglýsingu á svæðisskipulagi Suðurnesja sem fram mun fara á næstunni og verður veittur lengdur frestur, 8 vikur, til að koma á framfæri athugasemdum við skipulagið.

6. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar hefur ekki verið ákveðinn.

Fleira ekki gert, fundi slitið.